

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 188/1988
um slátrun, mat og meðferð sláturfurða.**

1. gr.

Í stað síðasta málslíðar 12. gr. komi þrír nýir málslíðir, svohljóðandi:

Skipting nautgripakjöts í fjórðunga skal miðast við þá skiptingu sem opinber heilðsöluverðlagning byggir á. Huppa og síður skal fjarlægja af öllu hrossakjöti samkvæmt nánari fyrirmælum Yfirkjötmats. Þó er annars konar skipting í fjórðunga heimil ef sérstaklega er um það samið.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 30 28. apríl 1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturfurðum og öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 27. september 1993.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

1. október 1993

Nr. 399

REGLUGERÐ

um varnir gegn útbreiðslu riðuveiki og bætur vegna niðurskurðar.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Eigendum og umráðaaðilum sauðfjár er skylt að tilkynna héraðsdýralækni án tafar ef riðuveiki gerir vart við sig í fjárstofni þeirra eða ef grunur leikur á að sjúkdómurinn leynist í sauðfénu.

Héraðsdýralæknir skal tilkynna yfirdýralækni um sjúkdóminn og fylgja fyrirmælum hans um töku og meðferð á sýnum eða lifandi kindum sem senda skal til rannsóknar. Nákvæm skýrsla um sjúkdómaástand viðkomandi hjarðar og upplýsingar um vanhöld skal fylgja. Héraðsdýralæknir ákveður í umboði yfirdýralæknis hvort farga skuli kind, sem grunur fellur á, gegn bótum skv. 25. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

2. gr.

Óheimilt er að flytja sauðfé úr hjörðum, sem riðuveiki hefur verið staðfest í, á aðra bæi eða í önnur fjárhús. Þá er óheimilt að flytja hey, heykögglar og hálm, húsdýraábúrd, túnþökur og gróðurmold, sláturúrgang og hrámeti úr sláturhúsum til fóðurs yfir varnarlinur eða milli sveita á sýktum svæðum. Öhreina ull má aðeins flytja beint á vinnslustað. Ullarumbúðir skal þvo og sótthreinsa í þvottastöð strax eftir notkun. Ekki má endurnota ullarumbúðir án sótthreinsunar. Heimilt er yfirdýralækni að gera ráðstafanir til að stöðva flutning og notkun flutningataekja og leita fulltingis lögreglu til þess. Kostnað sem leiðir af ákvæðum greinarinnar bera aðilar sjálfir.

Yfirdýralæknir getur gefið undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar.